

Norðurþing  
b.t. Sigurdísar Sveinbjörnsdóttur  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík, 29. nóvember 2022  
UST202211-009/A.Þ.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Fiskeldið Haukamýri - Norðurþing**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri í Norðurþingi, rétt sunnan við Húsavík í sveitarfélaginu Norðurþingi.

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu er starfrækt fiskeldi þar sem áhersla hefur verið á bleikjueldi undanfarin ár en einnig hafa verið framleidd laxaseiði. Uppi eru áform um stækkun stöðvarinnar og gert er ráð fyrir allt að 850 tonna lífmassa í stöðinni á hverjum tíma. Stærð skipulagssvæðisins er 3,8 ha.

Lóð fiskeldisins er 19.300 m<sup>2</sup> þar sem húsakostur og eldiskör eru staðsett. Vatnslagnir ásamt brunnum, stíflum fyrir kalt vatn og lagnir fyrir heitt vatn eru utan svæðisins.

Svæðið er staðsett á iðnaðarsvæði sem er að mestu leyti raskað.

## **Deiliskipulagsuppráttur**

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir því á skipulagsupprættinum hvar frárennislögnin liggur. Einnig má sjá að fyrirhugað er að leggja veg yfir gilið þar sem lækur rennur og núverandi fráveitulögn opnast. Byggja þarf brú þar yfir og þarf það að koma fram á upprættinum. Umhverfisstofnun telur auk þess að upprátturinn mætti vera skýrari og sýna ætti núverandi og fyrirhuguð mannvirki á upprættinum.

## **Vistgerðir**

Í greinargerð kemur fram að ekki hafi verið gerð úttekt á náttúrufari á svæðinu. Svæðið sé þegar raskað eftir 40 ára fiskeldi, gamlir skurðir og slóðar og flokkast nær allt sem þéttbýli eða annað manngert land á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að með stækkuninni er fyrirhugað að tvöfalda lóð starfseminnar. Á svæði norðaustan megin við núverandi lóð, þar sem fyrirhugað er að bæta við byggingum sem tengjast eldinu eru vistgerðir með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, þ.e. víðikjarrvist, starungsmýravist og snarrótarvist. Umhverfisstofnun bendir á að þar getur verið ríkt fuglalíf. Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu

ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Því er mikilvægt að rask sé lágmarkað eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingarreitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

### **Frárennsli**

Frárennsli frá eldisstöðinni fer um eina lögn sem lögð er niður að bakkanum og rennur þar niður í fjöru. Reynt hefur verið að leiða lögn frá eldisstöðinni niður fyrir stórstraumsfjöru í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ en lagnirnar hafa ekki staðist álagið. Umhverfisstofnun bendir á að ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar þá er heimilt að leggja til aðrar lausnir sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi.

Í greinargerð kemur fram að töluvert sé af mávategundum á svæðinu, sérstaklega í fjörunni við frárennslið, enda engin hreinsun á frárennsli eins og er. Í eftirliti Umhverfisstofnunar með starfseminni árið 2021 voru 100-150 fuglar í fjöruborðinu við útrásina og var rekstraraðila bent á að reyna að halda fugli í skefjum.

Nú er fyrirhugað að bæta við hreinsun á frárennsli í loftunarhúsi við lengdarstraumskarið og í öllum nýjum eldiseiningum er gert ráð fyrir hreinsun og meðhöndlun á vatninu áður en það er endurnýtt. Að mati stofnunarinnar getur aukin hreinsun minnkað þann fjölda fugla sem sækja í æti við útrásina.

### **Vatn**

Í greinargerð kemur fram að vöktun á vatnsgæðum affallsvatns verði hluti af rekstrarskyldum stöðvarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að eldið losar í vatnshlotið 102-1366-C.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að fjallað sé um vatnshlotið í skipulagstillögunni og hvernig hún samræmist ákvæðum laga um stjórn vatnamála.

## Úrgangur

Fram kemur að aukin framleiðsla byggji á meiri endurnýtingu á vatni og hreinsibúnaði. Komið verður fyrir 1. stigs hreinsun, búnaði til að þykkja seyruna og geymslurými fyrir seyr.

Ekki kemur fram hvað gert verður við lífrænan úrgang sem kemur frá eldinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í júní árið 2021 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist Í átt að hringrásarhagkerfi, en í henni kemur m.a. fram stefna stjórnvalda í meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Aðgerð númer 16 í stefnunni er að hætta alfarið urðun lífrænna efna.<sup>1</sup> Í þessu samhengi má jafnframt benda á að förgun er síðust í forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá munu lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs taka gildi þann 1. janúar 2023. Með nýjum lögum verður rekstraraðilum skylt að flokka rekstrarúrgang í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, skv. 11. gr. laga nr. 55/2003 og markmiði laganna að eins miklu leyti og unnt er.

Umhverfisstofnun bendir á að það efni sem síast úr frárennsli fiskeldis er að mestu leyti næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa sem mikilvægt er að finna leiðir fyrir til endurnýtingar fremur en förgunar en næringargildi þess er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar<sup>2</sup> til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna (seyru) úr frárennsli, m.a. til áburðar.

## Starfsleyfi

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. 2. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

<sup>1</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR\\_stefnaI\\_att\\_ad\\_hringrasarhagkerfi.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefnaI_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf)

<sup>2</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal\\_fraveitu\\_og\\_fastefnismedhondlun\\_2020.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf)